



# FORNLEIFAVERND RÍKISINS

Alþingi  
Erindi nr. P 131/1442  
komudagur 20.4.2005

Reykjavík, 19. apríl 2005  
Tilvisun: Fvr2004120032/KHS

Nefndasvið Alþingis  
bt. Menntamálanefndar  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

## Tillaga til þingsályktunar um varðveislu Hólavallagarðs (Þskj. 40 – 40. mál).

Menntamálanefnd hefur óskað eftir umsögn Fornleifaverndar ríkisins um tillögu til þingsályktunar um varðveislu Hólavallagarðs.

Fornleifavernd ríkisins fagnar tillögu um að skipuð verði nefnd sem ætlað er að tryggja varðveislu, uppbyggingu og kynningu á menningarsögulegum verðmætum Hólavallagarðs.

Með nýjum Þjóðminjalögum nr. 107/2001 varð sú breyting á Þjóðminjavörslunni að ýmis verkefni sem áður heyrðu undir Þjóðminjavörð, þeirra á meðal málefni kirkjugarða, fluttust yfir til Fornleifaverndar ríkisins. Þjóðminjavörður hefur því ekki lengur neitt lögbundið hlutverk varðandi Hólavallagarð. Öll verkefni sem áður voru unnin á vegum Þjóðminjasafns Íslands varðandi garðinn, þeirra á meðal skráning minningarmarka, mat á minjagildi þeirra, varðveisla minja og leiðsögn í garðinum fluttust við lagabreytinguna frá Þjóðminjasafni Íslands og yfir til Fornleifaverndar ríkisins. Minjasafn Reykjavíkur, Árbæjarsafn sinnir minjavörslu í Reykjavík í umboði Fornleifaverndar ríkisins.

Virðingarfyllst,

  
Kristín Huld Sigurðardóttir forstöðumaður